

Sjálfsmatsskýrsla 2020 – 2021

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu	3
1.2	Almenn stefna og markmið	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans	4
2.1	Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir	4
2.2	Endurskoðun starfsmannastefnu FMOS.....	5
2.3	Kennslukönnun.....	5
2.4	Starfmannapúlsinn	5
2.5	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna um fyrirkomulag kennslu	7
2.6	Brotthvarf	8
2.6.1	Úrsagnir úr námi.....	9
2.7	Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01	9
2.8	Tímamælingar og þrepaskoðun áfanga.....	11
3	Tölulegar upplýsingar	11
4	Aðgerðir til úrbóta	14

1 Inngangur

1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþjálfar kennsluáferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öfluglu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþjálfar kennsluáferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarnám sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2020-2021 voru starfsmenn 38 í 35 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2019	V2020	H2020	V2021
Stjórnendur	3	3	3	3
Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu	6	6	6	6
Kennarar	29	27	28	27
Starfsfólk mötuneytis	0	0	2	2
Stuðningsfulltrúar	1	1	0	0
Alls:	39	37	39	38


Tafla 1. Fjöldi starfsfólks

2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á [lögum um framhaldsskóla \(nr. 92/2008\)](#) og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og þrjú kennarar sem kosnir eru á kennarafundi til tveggja ára í senn. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. [Sjálfsmatsáætlun áráanna 2019-2022 má sjá á vef skólans.](#)

2.1 Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir

Viðhorfskannanir voru lagðar fyrir nemendur, bæði á haustönn og vorönn. Á haustönn svöruðu 235 nemendur af 348 (68%) könnun þar sem áhersla var lögð á að kanna líðan og gengi nemenda í fjarnámi.




Mynd 1. Líðan nemenda í skólanum á skalanum 1-5 (haust 20)

Líðan nemenda tónuðu við niðurstöður frá

vorönninni en 28% nemenda sögðu að þeim liði illa eða mjög illa. 61% nemenda sögðu að þeim fyndist mikið eða mjög mikið álag í fjarnáminu. Í opunum spurningum kvörtuðu

nemendur yfir því að þeim fyndist ekki nógu gott aðgengi að kennurum utan vinnutíma. Flest voru þau þó mjög ánægð með hvernig kennarar stæðu sig í fjarkennslu.

Á vorönn var álíka könnun lögð fyrir en þar var svarhlutfallið öllu lægra eða 134 af 297 (45%). Áhugavert er að nemendum virtist líða betur á vorönninni en geta má þess að skólastarf vorannar var að mestu leyti í staðnámi. Aðeins 5% nemenda sagðist líða



Mynd 2. Líðan nemenda í skólanum á skalanum 1-5 (vor 21)

illa eða mjög illa. 53% nemenda sögðu að þeim fyndist mikið eða mjög mikið álag í námi. Í þessari könnun var einnig athugað hvernig nemendum litist á að skipta önninni niður í spanir og af þeim sem tóku afstöðu voru 49% hrifnari af spanarkerfinu en 24% af annarkerfinu.

2.2 Endurskoðun starfsmannastefnu FMOS

Farið var yfir hvern kafla fyrir sig í starfsmannastefnunni og athugasemdir skráðar. Breytingatillögur bíða samþykkis skólameistara (sjá fundargerð 30.09.2020).

2.3 Kennslukönnun

Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í 34 hópum hjá 8 kennurum á haustönn og 27 hópum hjá 7 kennurum á vorönn. Svarhlutfallið var tæp 52% á báðum önnum. Skólameistari fór yfir niðurstöður kennslukönnunarinnar á einstaklingsfundum með kennurum.

2.4 Starfmannapúlsinn

Á vorönn 2020 var ákveðið að leggja Starfmannapúlsinn fyrir til að kanna líðan starfsmanna. Starfmannapúlsinn var lagður fyrir starfsmenn skólans í byrjun mars og var svarhlutfallið 92%. Könnunin var rafræn og tók um 5-10 mínútur að svara spurningalistanum. Svör starfsmanna eru ónafngreinanleg og einungis starfsmenn Skólapúlsins hafa aðgang að gögnunum. Þeir unnu niðurstöðurnar fyrir skólann og sendu til okkar. Í könnuninni voru 21 matsþættir, með mismörgum spurningum, sem snéru að fjórum meginþáttum; *starfinu*,

starfsmönnum, vinnustaðnum og stjórnuninni. Síðustu tvær spurningarnar voru opnar, þar sem starfsmönnum gafst kostur á að tjá sig um ýmis mál. Á eftirfarandi töflum má sjá samantekt matspáttanna og samanburð við landsmeðaltal. Niðurstöður einstakra matspáttanna eru settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matspáttar fyrir sig. Þannig er munur sem telst jákvæður fyrir stofnunina sýndur með grænum lit en neikvæður með rauðum. Munur sem telst tölfræðilega marktækur er svo stjörnumerktur. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn.

Matspættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,2	32	-	4,7	3.633	-0,5
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,8	32	-	5,1	3.633	0,7*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,4	32	-	4,7	3.630	-1,3*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	6,4	32	-	5,1	3.633	1,3*

Tafla 2. Matspættir sem snúa að starfinu.

Hér sést að starfsmenn eru almennt meðvitaðir um hlutverk sín og telja sig fá jákvæðar áskoranir í starfi. Hins vegar er vert að taka það fram að í opnum svörum komu fram tvær ábendingar um að skýra mætti boðleiðir.

Matspættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	6,0	31	-	5,1	3.621	0,9*
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	6,2	32	-	5,2	3.621	1,0*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,4	32	-	4,8	3.620	0,6

Tafla 3. Matspættir sem snúa að starfsmönnum.

Starfsfólk er stolt af vinnustaðnum sínum og telur sig valda starfinu sínu vel. Hér sjáum við eina neikvæða frávikinu frá meðaltalinu en þar sést að starfsfólk telur að vinnan trufli heimilislífið að einhverju marki. Þó að munurinn sé ekki marktækur er ástæða til að rýna í þessar niðurstöður en líkleg skýring er að fáir framhaldsskólar voru í heildarúrtakinu.

Framhaldsskólakennarar hafa margir hverjir verið að kenna heiman frá sér í fjarkennslu vegna Covid-19 sem er auðvitað alltaf álag á heimilið að einhverju marki.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,7	31	-	5,3	3.606	1,4*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	6,7	32	-	5,0	3.507	1,7*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,8	31	-	5,3	3.592	0,5
3.4. Stuðningur við nýsköpun	6,3	31	-	5,2	3.585	1,1*
3.5. Mismunur	4,3	31	-	4,8	3.583	-0,5
3.6. Einelti (þú)	0%	0/31	-	3,9%	141/3581	-3,9%
3.7. Einelti (annar en þú)	0%	0/31	-	10,6%	377/3552	-10,6%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0/31	-	4,6%	162/3552	-4,6%

Tafla 4. Matsþættir sem snúa að vinnustaðnum.

Greinileg ánægja er meðal starfsfólks með starfsanda og aðstöðu. Enginn segist hafa orðið fyrir eða upplifað einelti á vinnustaðnum.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,0	31	-	5,4	3.545	0,6*
4.2. Sanngjörn forysta	6,1	30	-	5,3	3.529	0,8*
4.3. Valdeflandi forysta	5,8	30	-	5,3	3.505	0,5
4.4. Ræktun mannauðs	5,6	31	-	5,3	3.537	0,3

Tafla 5. Matsþættir sem snúa að stjórnun.

Almenn ánægja er meðal starfsmanna með stjórn skólans.

2.5 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna um fyrirkomulag kennslu

Í lok vorannar var gerð nafnlaus viðhorfskönnun meðal kennara um ýmislegt varðandi fyrirkomulag kennslu. Meðal annars var spurt um viðhorf kennara til spanarkerfisins. Niðurstöðurnar voru þannig að 46% voru hlyntari annarkerfinu en 32% hlyntari spanarkerfinu. Það kom þó í ljós í opnum spurningum að margir kennarar voru spenntir fyrir því að skoða fyrirkomulagið áfram og var þar sérstaklega nefnt, þriggja anna kerfi. Að auki var spurt um aðra hefðbundna þætti svo sem fyrirkomulag verkefnadaga, veitingu

miðannarmats, fyrirkomulag verkefnatíma og stökkakerfið. Skemmst er frá því að segja að meirihluti svarenda vildi halda í hlutina eins og þeir voru áður í öllum þáttum.

2.6 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og það lækki á milli ára. Upplýsingar um brotthvarf sem birtast hér fyrir aftan eru skráningar um úrsagnir úr námi úr Innu.

Ástæður brotthvarfs	Haust 2020		Vor 2021	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	1	11%		
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður				
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi				
Nám of erfitt				
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Einelti				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum				
Veikindi barna				
Fór í annan skóla				
Líkamleg veikindi				
Persónulegar ástæður	6	67%	2	50%
Neysla/meðferð				
Andleg veikindi	1	11%		
Annað	1	11%	2	50%
Samtals	9	100%	4	100%


Tafla 6. Ástæður brotthvarfs

2.6.1 Úrsagnir úr námi


Undanfarin ár hefur farið fram formleg skráning á ástæðum brotthvarfs nemenda úr skólanum. Enginn nemandi fékk brottrekstur úr skóla á skólaárinu 2020-2021 vegna Covid19 faraldursins. Aðeins 9 nemendur sögðu sig úr námi á haustönn 2020 og 4 á vorönn 2021.

Þetta eru mun færri nemendur heldur en á undanförunum árum og líklegasta ástæðan er heimsfaraldurinn. Á mynd 3 má sjá að hlutfall þeirra sem falla í áföngum var hærra á síðustu tveim vorönnum heldur en fyrir

Covid-19. Það verður þó að skoðast í samhengi við að enginn nemandi hafi fengið brottrekstur annirnar tvær á undan og svo var meðalfjöldi eininga sem nemendur voru skráðir í hærri á vorönn 2021 heldur en síðustu vorannir á undan (sjá mynd 4).



Mynd 3. Fallhlutfall í áföngum síðustu vorannir.



Mynd 4. Meðalfjöldi áfanga sem nemendur voru skráðir í, síðustu vorannir.

2.7 Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01

Á haustönn 2020 var ákveðið að halda áfram með rýnihóp nemenda. Seint á haustönninni var auglýst eftir áhugasömum nemendum til að taka þátt í rýnihópnum, 8 nemendur gáfu kost á sér í hópinn. Haldinn var einn fundur í byrjun desember og þrjár fundir á vorönn, í febrúar, apríl og maí. Fyrstu tveir fundirnir voru haldnir á Teams en á síðustu tveim fundunum hittist hópurnir í skólanum.

Umræðuefni fundanna voru í þessari röð:

- Nýtt kerfi á vorönn 2021 – önn/spönn: Á fundinum sem haldinn var þann 9. desember, voru nemendur fengnir til að segja álit sitt á tveimur tillögum að breyttri stundatöflu vorannar. Báðar útfærslur snéru að því að auka við möguleika á staðnámi í ljósi samkomutakmarkanna. Önnur útfærslan snérist um að skipta önninni í tvennt með löngum kennslulotum fyrir hádegi. Hin útfærslan snéri að því að koma löngum lotum fyrir án þess að skipta önninni í tvennt. Nemendum leist almennt betur á skiptingartillöguna en höfðu áhyggjur af því að „fá upp í kok“ af áföngum af því að vera í fáum áföngum í einu og einnig komu fram ábendingar um að það væri neikvætt að verkefnatími væri bara einu sinni í viku.
- Kynningarefni fyrir FMOS: Ákveðið var að fara af stað með að búa til nýtt kynningarefni fyrir skólann. Rýnihópurinn var fenginn til að koma með ábendingar og tillögur að því hvernig nemendur vilja að skólinn þeirra sé kynntur út á við á. Fundað var á Teams þann 2. febrúar. Það var augljóst að nemendum voru mjög áhugasamir að koma með ábendingar um hvað væri nauðsynlegt að kæmi fram í kynningarefninu og töluðu mjög fallega um skólann sinn. Hópurinn tók svo að miklu leyti líka þátt í gerð kynningarefnisins með því að koma fram í myndböndum.
- Fjarnám á tímum Covid19 – hvernig hefur gengið og hvað höfum við lært?: Á þessum fundi var hist í skólanum þann 21. apríl. Notast var við fiskabúrsaðferðina við umræður þar sem allir tóku til máls. Almennt voru nemendur á því að staðnámið væri betri kostur en fjarnám þó sumum hafi liðið ansi vel í fjarnáminu. Nemendur kvörtuðu helst undan auknu álagi í fjarnáminu, verkefni væru leiðinleg, vesen á kerfunum sem væri verið að nota (hægir á) og erfiðleikar við að aðlagast nýjum vinnuaðferðum sem gerðu miklar kröfur um sjálfsaga og skipulagshæfni. Nemendur töldu fögin misvel til þess fallin að vera sett í svona fjarnám t.d. voru þeir sammála um að stærðfræðin væri erfiðari. Margir hrósuðu kennurum sínum fyrir að vera með flott skipulag og vera alltaf til staðar. Stjórnendur fengu einnig hrós fyrir að halda góðu upplýsingaflæði um ástand og fyrirætlanir. Nemendur voru þó sammála um að blanda af fjarnámi og staðnámi væri mjög ruglandi þó þau gætu flest hugsað sér

fjarkennslu við og við. Þeim finnst að nú sé betra aðgengi að kennurum og að kennarar séu betri í að búa til verkefnalýsingar nú en áður.

- Kostir og gallar annar- og spanarkerfisins: Á þessum síðasta fundi hópsins, þann 12. maí, gerði hópurinn upp sína upplifun af því að hafa prófað tvískipta önn. Setið var í hring þar sem allir nemendur fengu að tjá sig um kosti og galla beggja kerfa. Það sem nemendum fannst jákvætt við spanarkerfið var að það væri betra að einbeita sér af fáum áföngum í einu og að gott væri að vera búin að klára helming áfanganna á miðri önn. Það sem mörgum þótti neikvætt hins vegar var að í sumum áföngum væri farið hratt yfir. Einnig þótti nemendum vont að verkefnatímar væru bara einu sinni í viku þó einhverjum hafi þótt þægilegt að hafa einn langan. Það sem nemendum þótti betra við annarkerfið var aðallega að meiri tími gæfist til að melta efnið og að minna álag væri í þeim áföngum þar sem mikið væri um lestur. Það sem nemendum þótti neikvætt var að tímar væru of stuttir og að það væru svo margir mismunandi áfangar á hverjum degi sem gæti verið ruglandi. Að lokum voru nemendur beðnir um að gefa kerfunum einkunn og þá kom spanarkerfið örlítið betur út.

2.8 Tímamælingar og þrepaskoðun áfanga

Ekki gafst tími til að fara í tímamælingar og þrepaskoðun áfanga á skólaárinu 2020-2021 og færirst það því til næsta skólaárs.

3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2019	V2020	H2020	V2021
KK	154	142	163	143
KVK	178	167	187	165

Tafla 7. Skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2019	V2020	H2020	V2021
1977-1980	1	1	1	0
1981-1990	1	1	2	1
1991	2	2	2	1
1992	1	1	0	1
1993	0	3	1	1
1994	7	7	6	6
1995	5	4	4	2
1996	10	8	6	4
1997	9	8	9	6
1998	20	16	13	12
1999	29	26	26	19
2000	62	55	42	36
2001	63	59	65	47
2002	58	58	57	57
2003	63	59	60	57
2004	1	1	56	58
Alls:	332	309	350	308

Tafla 8. Skipting nemenda eftir fæðingarári

Heiti brautar	H2019	V2020	H2020	V2021
Almenn námsbraut	1	0	0	0
Félags- og hugvísindabraut	44	43	58	48
Hestabraut	2	1	0	0
Listabraut	1	0	0	0
Íþróttá- og lýðheilsabraut	0	0	0	0
Náttúruvísindabraut	35	33	40	40
Opin stúdentsbraut	29	18	12	4
Sérnámsbraut	16	18	18	16
Framhaldsskólabrú	33	25	21	14
Framhaldsskólabraut	5	2	4	1
Opin stúdentsbraut, almennt kjörsvið	90	107	134	129
Opin stúdentsbraut, handboltakjörsvið	4	4	1	1
Opin stúdentsbraut, hestakjörsvið	27	25	25	23
Opin stúdentsbraut, Íþróttá- og lýðheilsukjörsvið	23	19	26	22
Opin stúdentsbraut, listakjörsvið	22	14	11	10
Alls	332	309	350	308

Tafla 9. Skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2019	V2020	H2020	V2021
101-109	28	30	34	24
110-113	98	95	105	90
116/162	14	17	12	11
270-276	155	131	145	132
300	5	5	7	6
Annað	32	31	47	45
Samtals	332	309	350	308

Tafla 10. Skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2019	V2020	H2020	V2021
	18	19	31	28

Tafla 11. Brautskráningar

4 Aðgerðir til úrbóta

Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir

Svarhlutfallið á haustönn var töluvert betra á haustönn en vorönn. Mjög áhugavert var að sjá að nemendum leið mun betur á vorönninni. Á haustönn kvörtuðu nemendur svolítið yfir því að erfitt væri að ná í kennara utan hefðbundins vinnutíma sem bendir til þess að þau hafi aðeins misskilið hlutverk kennara. Á vorönn var gerð tilraun með að skipta önninni niður í tvær spannar og það virtist leggjast mjög vel í nemendur enda 49% sem líkaði nýja kerfið betur á móti 24% sem líkaði það gamla betur (27% nemenda tóku ekki afstöðu með öðru hvoru kerfinu.

Markmið: Skoða möguleika á að skipta skólaárinu í þrjár eða fjórar spannar. Leita leiða til að auka vellíðan nemenda.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

Endurskoðun starfsmannastefnu FMOS

Verkefnið er í vinnslu, athugasemdir bíða samþykktar skólameistara og færast því yfir á haustönn 2021.

Markmið: Ljúka við endurskoðun starfsmannastefnunnar.

Ábyrgð: Stjórnendur og sjálfsmatshópur.

Kennslukönnun í Innu

Mjög óeðlilegt ástand var í kennslu allan veturinn en þrátt fyrir það var útkoma úr kennslukönnunum góð hjá þeim kennurum sem skoðaðir voru.

Markmið: Halda áfram með staðlað mat í kennslukönnunum svo samanburður milli ára verði sem bestur.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur

Starfsmannapúlsinn

Vinnustaðurinn kom mjög vel út í starfsmannapúlsinum og það var augljóst að starfsfólk skólans er ánægt með vinnustaðinn sinn og líður almennt vel. Í raun kom vinnustaðurinn út með betra meðaltal í öllum þáttum utan eins. Það er þáttur sem kemur að skörun vinnu og einkalífs en áhugavert hefði verið að sjá samanburð við aðra skóla þar sem mjög margir kennarar þurftu að kenna að heiman töluverðan hluta vetrar. Vonandi taka fleiri framhaldsskólar þátt næst þegar FMOS verður með svo hægt verði að sjá sérstaklega samanburð við aðra framhaldsskóla. Stjórnun skólans fékk líka góða útkomu, sem hvetur stjórnendur til að halda áfram á sömu braut. Almenn ánægja virtist vera meðal starfsfólk um að láta óháðan aðila framkvæma könnunina.

Markmið: Halda áfram að fá Starfsmannapúlsinn til að framkvæma viðhorfskannanir fyrir skólann. Halda í þann anda sem er í starfsmannahópnum og viðhalda trausti milli stjórnenda og annara starfsmanna.

Ábyrgð: Stjórnendur.

Viðhorfskönnun meðal kennara um fyrirkomulag kennslu.

Í ljós kom í lok síðustu annar að kennarar vildu hverfa til fyrra kerfis að öllu leyti eftir tilraun vorannar. Þetta er í raun skiljanlegt eftir mjög erfiðan vetur enda var það mál manna að nú þyrfti alla vega eina „venjulega önn“ til að ná andanum. Vel hefur gengið að hafa kennara meira með í ráðum þegar kemur að skipulagi en kennarar voru einnig beðnir að segja skoðun sína á mismunandi hugmyndum um breytingu stundatöflu á vorönn 2021.

Markmið: Hafa skipulag skólaársins 2021-2022 með hefðbundnum hætti en nota tímann til að skoða mögulegar breytingar á fyrirkomulagi kennslu. Halda áfram að kanna hug starfsmanna í nafnlausum könnunum um ýmsar ákvarðanatökur þegar það er hægt.

Ábyrgð: Stjórnendur

Brotthvarf

Á haustönn 2020 var brotthvarfið 2,5% og á vorönn 2021 var það 1,2%. Töluverður munur er á milli skólaára en æstæða þess er að ákveðið var að vísa ekki nemendum úr skólanum vegna brota á skólareglum á vor- og haustönn 2020 og vorönn 2021 vegna Covid19. Þetta eru því áhrif af heimsfaraldrinum. Rétt er að taka fram að síðustu annir hefur brotthvarfið verið á bilinu 10-12% það er því ljós að það fer lækkandi.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf.

Ábyrgð: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi.

Rýnihópur nemenda RÝNI2SM01

Rýnihópur nemenda nýttist mjög vel þennan vetur og var góður stuðningur við ákvarðanatöku um stundatöflu vorannar þegar prófað var að taka upp spannar. Einnig var mikilvægt að heyra í þeim og safna upplýsingum um hug þeirra til skólastarfsins.

Markmið: Skoða möguleika á nýju kerfi varðandi skiptingu skólaársins í annir og spannar, enda kom í ljós bæði í viðhorfskönnunum og rýnihóp að spenningur væri fyrir því. Halda áfram að nýta krafta nemenda til að rýna ýmis mál sem tengjast skólastarfinu.

Ábyrgð: Stjórnendur og sjálfsmatshópur.

Halldór Björgvin Emmuson Ívarsson, sögukennari

Hlín Rafnsdóttir, félagsfræðikennari

Inga Þóra Ingadóttir, aðstoðarskólameistari

Valgarð Mór Jakobsson, áfangastjóri

Þröstur Hrafnkelsson, raungreinakennari